



Samráðsgátt stjórnvalda,
vegna stefnu fyrir íslenskt heilbrigðiskerfi til ársins 2030

Reykjavík 18.12.18

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) fagnar gerð heilbrigðisstefnu og vill jafnframt þakka tækifærið til að fá að koma að mótun hennar í gegn um samráðsgáttina. LSS vill með þessu innslagi koma fram sínum ábendingum er varða sjúkraflutninga og bráðapjónustu utan spítala.

Mikilvægi málaflokksins er óumdeilt og snýr að öllum þeim sem landið byggja og öllum sem það heimsækja. Sjúkraflutningar og bráðapjónusta utan spítala eru oft, líkt og heilsugæslan, fyrsta viðkoma sjúklings í heilbrigðiskerfinu. Ekki er þar verið að tala um flutning sjúklings að heilbrigðisþjónustu heldur flutning heilbrigðisþjónustunnar til sjúklings, enda eru sjúkraflutningar og bráðapjónusta utan spítala skilgreind sem slík. Markmiðasetning og stefnumótun stjórnvalda um aðgengi, menntun starfsfólks og gæði þjónustu eiga þar jafnt við.

Mikið vantar upp á sýnileika þessarar mikilvægu þjónustu í heilbrigðisstefnunni og víða mætti nefna hana sérstaklega, þar sem þörfin á umbótum er mikil en tækifærin jafnframt mörg.

Þróunin í faginu er mikil og hröð. Hún snýr helst að bættri getu okkar til að bjarga lífi og minnka örorku en einnig að vinnuumhverfi þeirra sem þjónustuna veita, því starfið er oft á tíðum hættulegt og unnið við krefjandi aðstæður. Kröfur almennings aukast með um að fylgja þessari þróun. Það er mikil áskorun að reka kerfi á okkar strjálbýla landi sem mætir þeim kröfum og tryggir jafnt aðgengi að þjónustu. Fleiri áskoranir í greininni eru til að nefna breytt aldurssamsetning þjóðarinnar og fjölgun ferðamanna. Það er morgunljóst að það á við um margar greinar heilbrigðiskerfisins en LSS telur að nefna þurfi málaflokkinn sérstaklega. Það þarf að hjálpa málaflokknum inn í nýja tíma og sú vinna þarf að taka mið af heilbrigðiskerfinu í heild. Þetta er verkefni sem ekki verður leyst nema horft sé til framtíðar.

“Það þarf vel stillt kerfi til þess að bjarga lífi”

Málaflokkinn skortir utanumhald. Yfirsýnin er sárlega takmörkuð og er ekki samboðin nútíma heilbrigðiskerfi. Í skýrslum frá 2007 og 2012 sem unnar voru fyrir ráðuneyti málaflokksins hefur þörfin um heildar endurskipulagningu kerfisins verið útskýrð. Ráðherra málaflokksins hefur tekið undir hana. Svo metnaðarfullt verkefni á erindi inn í stefnumótun sem þessa. Tryggja þarf skilvirkt kerfi á landsvísu, setja upp markvissa gæðastýringu og þjónustuviðmið. Stilla þarf upp stiguðu kerfi vettvangsliða, flutningsviðbragðs og sérhæfðs viðbragðs. Mikil vinna er fyrir höndum og án sterkrar umgjárðar verður það þungur róður.

LSS hefur ályktað og lagt til að stofnuð verði sérstök miðstöð bráðapjónustu utan spítala, MBUS. Myndi sú miðstöð halda utan um málaflokkinn, koma að gæðamálum, öryggi, menntun og vísindarannsóknum í greininni. Vísindarannsóknir tengdar bráðapjónustu utan spítala á Íslandi eru takmarkaðar í dag en eru jafn mikilvægar og annarstaðar í heilbrigðiskerfinu. Með aukinni tækni verður söfnun gagna utan spítala auðveldari og með aukinni framhaldsmenntun bráðatækna styrkjast forsendur til þess að stunda rannsóknir í faginu af þeim sem því sinna. Mikilvægt er í þessu samhengi að efla tengsl við háskóla hérlendis og erlendis.



LSS horfir bjart fram á veginn um framtíð sjúkraflutninga og bráðapjónustu utan spítala og vonast eftir nánari samskiptum við ráðuneyti málaflokksins og aðrar heilbrigðisstéttir.

Meðfylgjandi eru ábendingar um orðalag og tillögur að viðbótum.

Fyrir hönd LSS,
Birkir Árnason, formaður fagdeildar sjúkraflutninga
Anton Berg Carrasco, varaformaður fagdeildar sjúkraflutninga